

Mánudaginn 15. júní 1936.

Nr. 20/1936. **Guðmundur Þorvaldsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Landsbanka Íslands

(Pétur Magnússon).

Stefndi sýknaður af skuldakröfu áfrýjanda, sökum þess, að úrskurðað hafði verið af skiptarétti um sakarefnið og þeim úrskurði eigi áfrýjað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. jan. 1936: Stefndur, Landsbanki Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Þorvaldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Hér fyrir réttinum hefir áfrýjandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 2092.01 með Landsbankasparisjóðs vöxtum og vaxtavöxtum frá 1. júlí 1924 til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins. Stefndur krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Í máli þessu hefir ekki verið lagt fram eftirrit af nauðasamningi þeim, milli sparisjóðs Árnassýslu og lánardottna hans, sem staðfestur var af skiptarétti Árnassýslu hinn 31. desember 1924, en aðiljar eru sammála um, að í honum sé ákveðið, að af sparisjóðsinnstæðum lánardrottna, eins og þær voru hinn 31. des. 1923, greiðist aðeins 75 af hundr-
aði. Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að ákvæði þetta, um niðurfærzlu innstæðna, hafi ekki átt að ná til þeirra úttekta úr sparisjóðsbókum, sem fram fóru á árinu 1924, áður en til nauðasam-

inga kom. Hann hefir þó ekki fært nægileg rök fyrir því, að efni nauðasamningsins sé á þá leið, enda verður ekki annað séð en að tilgangslaust hefði verið að miða niðurfærsluna við innstæðu-upphæðirnar, eins og þær voru 31. desember 1923, ef undanskilja átti greiðslur þær, er fram höfðu farið eftir þann tíma. Er ekki annað upplýst, en að með greindu ákvæði nauðasamningsins hafi verið samþykkt á skiptafundi og síðar staðfest af skiptaréttinum, að innstæðueigendur skyldu þola, hver um sig, 25% niðurfærslu á inneignum sínum. miðað við inneignir í árslok 1923, án tillits til skulda innstæðueigenda við sparisjóðinn á þeim tíma og síðari úttekta.

Í málinu verður að ganga út frá því, að áfrýjandi hafi átt kost á að gæta réttar síns í sambandi við nauðasamningsgerðina, þar eð ekki er annað upplýst en að innköllun til skuldheimtumanna og boð til skiptafunda hafi farið fram lögum samkvæmt. Staðfesting skiptaréttarins á ofangreindu niðurfærsluákvæði nauðasamningsins er dómsathöfn, sem áfrýjandi hefði orðið að áfrýja í tæka tíð, sbr. IV. kafla laga um nauðasamninga, nr. 19/1924, ef hann vildi fá ákvæðinu hrundið eða breytt af æðra rétti. Þótt svo væri, að hagar áfrýjanda hafi verið fyrir borð borinn með oftnefndu ákvæði nauðasamningsins, þá er ekki unnt að fá úr því bætt í þessu máli. Hinn áfrýjaða dóm ber því að staðfesta að niðurstöðu til. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. apríl 1935 af Guðmundi Þorvaldssyni, bónda á Bildsfelli gegn Landsbanka Íslands, hér í bænum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 2092.01 með Landsbankasparisjóðsvöxtum og vaxtavöxtum frá 1. júlí 1924 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Tildrög máls þessa eru þau, að Sparisjóður Árnessýslu er stefnandi hafði skipti við, leitaði nauðasamninga á árinu 1923, og tók þá Landsbanki Íslands, stefndur í máli þessu, að sér skyldur og réttindi Sparisjóðsins. Úrslit nauðasamninganna urðu þau, að sparisjóðsinnstæðueigendur urðu að þola 25% afföll af innstæðum sínum.

Svo stóð á hjá stefnanda, að hann skuldaði sparisjóðnum kr. 8000.00 og greiddi hann þá skuld með hluta af innstæðu sinni 1. júlí 1924.

Greiðsla þessi fór fram skv. samkomulagi milli stefnanda og stjórnar Sparisjóðsins, sem orðið hafði nokkrum tíma áður.

Áður en greiðslan fór fram átti stefnandi kr. 13508.65 inni, en við greiðsluna var innstæða stefnanda kr. 5508.65.

Þegar afföll voru reiknuð af innstæðu stefnanda, eftir ákvæðum nauðasamninganna, voru þau miðuð við innstæðuna eins og hún var í árslok 1923 þ. e. kr. 13876.66. Urðu afföllin samkvæmt því kr. 3469.17.

Stefnandi taldi hinsvegar að hann þyrfti ekki að þola afföll af þeirri upphæð, heldur aðeins af innstæðu sinni eins og hún var þegar búið var að greiða áðurgreint 8000.00 kr. lán og nokkrar smáúttektir, er farið höfðu fram á undan greiðslu lánsins, en eftir árslok 1923.

Upphæð sú, sem stefnandi þannig telur sér bera að þola afföll af er innstæðan pr. 1. júlí eða kr. 5508.65, enda kveðst hann ekki hafa lýst hærri upphæð við nauðasamningagerðina.

Stefnandi telur sér skv. þessu ekki skylt að þola, að hærri upphæð en 25% af kr. 5508.65 eða kr. 1377.16 verði dregnar frá innstæðu sinni og telur hann stefndan því hafa dregið kr. 2092.01 of mikið af henni. Hefir stefndur

þó reynzt ófáanlegur til að lagfæra þetta og höfðaði því stefnandi mál þetta og gerði í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að úrslit nauðasamninganna, er staðfestir voru í árslok 1925 hafi verið þau, að innstæðueigendur skyldu þola 25% afföll af innignum sínum og hafi afföllin átt að miðast við innstæðuna eins og hún var 31. des. 1923. Það hafi verið gert, er reiknað var út hve mikil afföll stefnanda skyldu vera, og sé krafa hans í þessu máli því á engum rökum reist, enda hafi hann aldrei véfengt gildi nauðasamninganna.

Stefnandi hefir viðurkennt, að þessi hafi orðið úrslit nauðasamninganna, en bætt því við, að því aðeins hafi afföllin átt að miðast við innstæðuna per 31. des. 1923, að ekki hefði síðar verið greitt af henni.

Nauðasamningurinn hefir ekki verið lagður fram, en jafnvel þótt ekki sé, eftir því sem fram hefir komið í málinu, fyllilega ljóst hvað felst í orðunum „*að ekki hafi verið síðar greitt af henni*“, þá telur rétturinn þó ekki unnt að leggja í þau þann skilning, að sú tilviljun að greitt hafi verið af innstæðu eftir áramót 1923 ætti að skapa þeim, sem greiðslu hafi fengið þá sérstöðu meðal skuldheimtumanna sjóðsins að það, sem greitt hefði verið skyldi undanþegið afföllum. Byggir rétturinn þennan skilning sinn sérstaklega á því, að ekki er upplýst, að sjóðurinn hafi nokkurntíma greitt svo mikið af nokkurri innstæðu að vafi væri um að það sem hann hélt eftir hrykki fyrir væntanlegum afföllum, enda þótt þau væru miðuð við innstæðu í árslok 1923.

Stefndur telur sjóðinn hafa stöðvað greiðslur í júní 1923.

Þessu neitar stefnandi og bendir á að sér hafi verið greiddar nokkrar smáupphæðir eftir þann tíma, en áður en nauðasamningunum var endanlega lokið.

Þessar greiðslur telur rétturinn þó vel geta samrýmt því, að um raunverulega greiðslustöðvun hafi verið að ræða, þar eð hér var eingöngu um smáupphæðir að ræða og innstæða stefnanda var aldrei skert svo mikið að minnsti vafi gæti verið um það, að hún hrykki fyrir væntanlegum afföllum, við hvaða tíma sem þau yrðu miðuð.

Rétturinn lítur því svo á, að þau skipti stefnanda og sjóðsins, er fram fóru á þessum tíma, bæði greiðsla láns-

ins og smágreiðslurnar hafi, eins og hér stóð á aðeins verið leyfðar af sjóðstjórninni með því skilyrði, að endanlega yrði hagur stefnanda sá sami og annara lánardrottna og að skipti þessi lytu að lokum sömu reglum eins og þau hefðu gert ef þau hefðu farið fram eftir að endanlegar ákvarðanir voru teknar um samninga sjóðsins og skuldheimtumanna hans.

Með bráðabirgðalögum, útgefnum 14. október 1924 var ákveðið, að ef innstæðueigandi stæði í skuld við sjóðinn þá skyldi hluti af innstæðu hans eða innstæðan öll gild borgun upp í slíka skuld að frádregnum sama hundraðshluta, sem almennir lánardrottnar yrðu að þola til niðurfærslu á sínum kröfum.

Með tilliti til þessa og þeirra úrslita nauðasamninganna, er áður getur, telur rétturinn samkvæmt framanskráðum athugasemdum að afföll af innstæðu stefnanda hafi verið réttilega reiknuð og verða úrslit máls þessa því þau að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Mánudaginn 15. júní 1936.

Nr. 61/1936. **Réttvísín** (Th. B. Lindal)
gegn

Friðjóni Steinssyni (Jón Ásbjörnsson).

Skjalafals og brot gegn 259. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. apríl 1936: Ákærði, Friðjón Steinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 65.00 til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Gústafs Ólafssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.